



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Málsnr.: 217010183
Skjalasafn Ráðhúss
16. jan. 2017
Bréfalykill: 310-2

Reykjavík, 13. janúar 2017
RMF16080010
3.1.3

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningar menningar- og ferðamálasviðs

Hér með sendast til staðfestingar borgarráðs níu samningar milli Reykjavíkurborgar og eftirfarandi aðila: Samstarfssamningar til eins árs við Nýlistasafnið dags. 2. desember 2016 og Kling og Bang dags. 22. nóvember 2016, samstarfssamningar til þriggja ára við Heimili kvikmyndanna vegna rekstrar Bíós Paradísar og fræðslu í kvikmyndalæsi dags. 21. desember 2016, Stockfish kvikmyndahátíð í Reykjavík dags. 30. nóvember 2016 og Menningarfélagið Tjarnarbíó um rekstur Tjarnarbíós dags. 21. desember 2016. Samstarfssamningar við Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017-2019: Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík dags. 9. janúar 2017, Hinsegin daga í Reykjavík 9. janúar 2017, Hönnunarmars 9. janúar 2017 og Iceland Airwaves 9. janúar 2017.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

AUÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

Auður Halldórsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og
Nýlistasafnið, kt. 551079-1559 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Nýlistasafnið
á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu safni, Nýlistasafninu í Marshallhúsi og Breiðholti, og starfsemi á þess vegum innan lands og utan.

2. gr. Forsaga

Nýlistasafnið var stofnað árið 1978. Safnið er sjálfseignarstofnun, rekin af samtökum listamanna sem nefnist Félag Nýlistasafnsins og hefur verið rekið óslitið af starfandi myndlistarmönnum. Safnið er eitt elsta starfandi listamannarekna listasafn í Evrópu, en að því leyti hefur safnið sérstöðu sem menningarstofnun á Íslandi og víðar. Nýlistasafnið eða Nýló, eins og það oft er kallað, er safn og sýningarstaður, vettvangur uppákoma, umræðna og gjörninga. Það er að auki félagasamtök með verðmæta safneign byggða eingöngu á gjöfum listamanna, félagsmanna og velunnara safnsins. Auk sýninga og viðburða safnar, varðveitir og miðlar Nýlistasafnið heimildum um samtímalistasögu. Safnið er einn mikilvægasti vettvangur samtímalistar á Íslandi og í sífellum vexti og þróun.

Á árinu 2017 mun Nýlistasafnið halda áfram úti sýningum úr safneign, rannsóknar- og fræðslustarfi í Breiðholti ásamt því að opna nýtt rými sitt í Marshall húsinu sem verður miðstöð sýninga, gjörninga og viðburða Nýlistasafnsins. Stefnt er á stórar einka- og samsýningar innlendra listamanna í Marshallhúsinu sem og fyrstu sýningar nokkurra valinna erlendra listamanna á Íslandi. Stefnt er á aukið samstarf við erlend söfn og sýningarstaði þar sem Nýlistasafnið verður í góðri stöðu til að taka á móti stórum erlendum sýningum. Auk markviss sýningarhalds mun Nýlistasafnið bjóða upp á fjölbreytta viðburði, upplestra, vídeóverkavöld og aðrar uppákomur. Stefnt er að rekstri safnbúðar þar sem hægt verður að kaupa vönduð prentverk af verkum eftir listamenn í safneign, árituð sýningarplaköt og póstkort. Einnig mun bókverslun Boekie Woekie, sem starfrækt hefur verið í 30 ár af íslenskum og erlendum listamönnum í Amsterdam, skipa stóran og sýnilegan sess í safnbúðinni. Safnbúðin endurspeglar sögu safnsins og sýningar.

3. gr. Markmið og starfsemi Nýlistasafnsins

Sérstaða safnsins felst meðal annars í:

- Að vera vettvangur nýrra strauma og tilrauna í myndlist; með sýningum myndlistarmanna og með fyrirlestrum listfræðinga, listheimspekinga, listamanna og sýningarstjóra.
- Einstakri og verðmætri safneign rúmlega 2.000 verka sem geymir samfelldustu sögu samtímamyndlistar á Íslandi, frá 1952 til dagsins í dag.

| |
|--|
| Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar |
| 2 DES. 2016 |
| Málsnr.: RMF _____ |
| Skjalaflokkur: _____ |

AP
F.O.

- Einstakri aðstöðu til að halda áfram söfnun þar sem félagsmenn safnsins eru veflestir starfandi myndlistamenn og virkir í að gefa verk til varðveislu.
- Að vera helsti vettvangur breiðs hóps listamanna og framsækinnar myndlistar á Íslandi og standa fyrir metnaðarfullri dagskrá fyrir almenning í náinni samvinnu við listamenn.
- Nýló heldur utan um þrjú megin heimildasöfn; heimildasafn sem snýr að sögu safnsins sjálfs, heimildasafn um listamannarekin sýningarrými og heimildasafn um gjörningalist.
- Að búa yfir stóru tengslaneti við erlend söfn, sýningarstjóra, gallerí og stofnanir, sem nýtist í þágu íslenskra myndlistarmanna og menningar.
- Leiðandi í að greiða listamönnum þóknun fyrir sýningarhald.

4. gr. Marshallhúsið

Hækkun frá fyrri samningi má alfarið rekja til gjörbreyttra rekstrarforsenda sem munu verða við flutning Nýlistasafnsins í Marshallhúsið á Granda. Stefnt er að því að Marshallhúsið verði einn helsti vettvangur og miðstöð samtímalistar á Íslandi þar sem vegur listamannarekinna rýma muni eflast og aukast. Í húsinu verður aðsetur Nýlistasafnsins og listamannarekna gallerísins Kling&Bang. Einnig verður þar vinnustofa og sýningarrými Ólafs Elíassonar. Gert er ráð fyrir opnun hússins í ársbyrjun 2017.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Nýlistasafnsins jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að rekstur Nýlistasafnsins sé styrktur af Reykjavíkurborg og hún sé þess helsti styrktar- og samstarfsaðili.

- Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem smastarfsaðila í öllu kynningar- og markaðsefni Nýlistasafnsins, þ.á.m. á vefsvæði, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.
- Nýlistasafnið skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem samstarfsaðila í ræðu og riti þegar safnið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.
- Hafa skal náð samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal #reykjavikloves notað á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á árinu 2017 leggur Reykjavíkurborg Nýlistasafninu til í beinum fjárframlögum kr. 12.500.000. Greiðist upphæðin í fimm jöfnum greiðslum eða kr. 2.500.000 þ. 1. – 3 febrúar, 1.-3. mars, 1.-3. júní, 1.-3. september og 1.-3. desember. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 515-14-104606.

7. gr. Ábyrgð

Nýlistasafnið ber ábyrgð á starfsemi safnsins, fagmennsku þess og gæðum. Nýlistasafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan

AP
2016

samning. Nýlistasafninu er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Nýlistasafnið. Samráðsfundur aðila samningsins skal haldinn í september 2017, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Nýlistasafnsins að áherslum þess fyrir komandi starfsár. Þar skal sérstaklega metin staðan varðandi Marshallhúsið og hverjar horfurnar eru um framtíð Nýlistasafnsins þar. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Félagið skilar þá áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Nýlistasafnið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til félagið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 24. október 2016. Samningurinn gildir til 31. des. 2017. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavík, 2. desember 2016

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Nýlistasafnsins



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Kling og Bang Gallerí ehf, kt. 560104-3160 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Kling&Bang á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu gallerí, Kling&Bang í Marshallhúsi, og starfsemi á þess vegum innan lands og utan.

2. gr. Forsaga

Kling&Bang gallerí var stofnað árið 2003 sem vettvangur fyrir unga listamenn til að stíga sín fyrstu skref í sýningarhaldi og hefur það haldist. En nú hafa allar kynslóðir listamanna hafa sýnt og starfað í galleríinu. Galleríið hefur einnig sýnt og tekið þátt í margvíslegum verkefnum erlendis á virtum sýningarstöðum. Í framhaldi af þeim viðburðum hafa myndast verðmæt tengsl og samvinna. Galleríið hefur tekið á móti fjölda erlendra og innlendra gesta auk þess að veita skólahópum á öllum skólastigum leiðsögn. Kling&Bang er einnig stofnaðili að hinna 10 ára myndlistarhátíð Sequences og einn þriggja bakhjarla hátíðarinnar með stjórnarsetu og vinnuframlagi.

Í ársbyrjun 2017 hefur Kling&Bang starfsemi í Marshall húsinu. Um 14 sýningar á ári verða í þremur sölum; þeim stærsta fyrir veigamiklar sýningar sem standa yfir í lengri tíma, næst stærsta sem vettvangur fyrir yngri kynslóðir listamanna með örari sýningarskipti og minnsta salnum fyrir vídeóverk. Galleríið verður opið 6 daga vikunnar. Fjölnotarýmið Staldrið verður fyrir námskeið, viðburði og fræðslu. Kling&Bang er einnig stofnaðili að hinna 10 ára myndlistarhátíð Sequences og einn þriggja bakhjarla hátíðarinnar.

Frá stofnun hefur rekstrarfyrirkomulag Kling&Bang verið byggt á sjálfbodaliðastarfi um 10 manna hóps sem hefur net utanaðkomandi aðila til að leita til þegar þörf krefur. Við undirbúning á flutningi Kling&Bang í Marshallhúsið hefur mikil vinna verið lögð í að styrkja stoðir og innviði gallerísins. Fimm manna stjórn, breytileg milli missera, myndar nú kjarna gallerísins og styður við bakið á væntanlegum framkvæmdastjóra.

3. gr. Markmið Kling og Bang

Markmið þessa samnings er að færa Kling&Bang gallerí í varanlegt húsnæði að Grandagarði 20, svo halda megi áfram því mikilvæga menningarstarfi sem byggt hefur verið upp innan Kling&Bang undanfarin þrettán ár. Í nýjum húsakynnum er markmiðið að auka við sýningahald, lengja opnunartíma, gera langtímamarkmið og standa að framsækinni fræðslu- og viðburðardagskrá. Markmiðið er að Kling&Bang í Marshall húsinu verði vettvangur framsækinnar sýninga, lifandi samastaður myndlistarmanna og listunnenda, vettvangur nýútskrifaðra listamanna og lengra kominna erlendra og innlendra listamanna. Með því að færa starfsemina upp á næsta stig gefst kostur á að sinna þeim tækifærum sem hafa myndast

1 |

Menningar- og ferðamálasvið
Reykjavíkurborgar

22 NOV. 2016

Málsnr.: RMP 15120007

Skjalaflokkur: 3.2.1

Eþ VIK
SP

við viðtæk tengsl. Þannig gefst kostur á að vera í beinu samtali inn á alþjóðlegan vettvang myndlistarinnar, sem nýst getur íslenskum listamönnum á ýmsan hátt.

Markmið Kling&Bang hafa auk þess jafnan verið að:

- koma á framfæri upprennandi listamönnum sem starfa innanlands eða á erlendum vettvangi í bland við alþjóðlega velþekktu samtímalistamenn
- skapa faglegt, fræðandi, krefjandi og metnaðarfullt umhverfi fyrir listamenn á Íslandi
- auka fjölbreyttari möguleika til sýningarhalds í Reykjavík
- opna vettvang fyrir skapandi skoðanaskipti innan myndlistarinnar
- skrásetja myndlistarsögu Reykjavíkurborgar með vönduðum sýningaskrár sýninga í Kling&Bang
- eiga í samstarfi við erlenda sýningarstjóra og gallerí til að eiga greiðari aðgang erlendum að myndlistarmönnum
- kynna íslenska myndlistarmenn erlendis.

4. gr. Marshallhúsið

Hækkun frá fyrri samningi má alfarið rekja til gjörbreyttra rekstrarforsenda sem munu verða við flutning Kling&Bang í Marshallhúsið á Granda. Stefnt er að því að Marshallhúsið verði einn helsti vettvangur og miðstöð samtímalistar á Íslandi þar sem vegur listamannarekinna rýma muni eflast og aukast. Í húsinu verður aðsetur Kling&Bang og Nýlistasafnsins. Einnig verður þar vinnustofa og sýningarrými Ólafs Elfassonar. Gert er ráð fyrir opnun hússins í ársbyrjun 2017.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Kling&Bang jafnt innanlands sem utan skal koma fram að það sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir félagið merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Samstarf verði við Höfuðborgarstofu um kynningu á Reykjavík þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað. Tengja má þá ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.visitreykjavik.is við vefi gallerísins til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á árinu 2017 leggur Reykjavíkurborg Kling&Bang til í beinum fjárframlögum kr. 6.000.000.-. Greiðist upphæðin í fjórum jöfnum greiðslum eða kr. 1.500.000.- þ. 1.-3. mars, 1.-3. júní, 1.-3. september og 1.-3. desember. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0111-26-3160.

7. gr. Ábyrgð

Kling og Bang Gallerí ehf ber ábyrgð á starfsemi gallerísins, fagmennsku þess og gæðum. Kling og Bang Gallerí ehf ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Kling og Bang Gallerí ehf er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Kling&Bang. Samráðsfundur aðila samningsins skal haldinn í september 2017, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Kling&Bang að áherslum þess

fyrir komandi starfsár. Þar skal sérstaklega metin staðan varðandi Marshallhúsið og hverjar horfurnar eru um framtíð Kling&Bang þar. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Félagið skilar þá áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Kling og Bang Gallerí ehf hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til félagið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 24. október 2016. Samningurinn gildir til 31. des. 2017. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála


Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 22 nóvember 2016


F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Kling og Bang Gallerí ehf



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Heimili kvikmyndanna ses., kt. 580810-0120 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Heimili kvikmyndanna ses. vegna rekstrar Bíós Paradísar og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu í Reykjavík. Verði hagnaður af rekstri Bíós Paradísar þá verður honum varið í þágu þessa markmiðs og skal Bíó Paradís því halda honum til ráðstöfunar en verði halli á starfseminni skal stjórn Heimilis kvikmyndanna afla styrkja og tekna á móti frá öðrum aðilum.

2. gr. Forsaga

Sjálfsseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna var sett á fót í ágúst 2010. Stofnaðilar voru Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda. Tilgangur Heimilis kvikmyndanna samkvæmt samþykktum er að standa fyrir sýningum á listrænum og sígildum kvikmyndum, dreifingu kvikmynda og stuðla að eflingu kvikmyndamenntunar í íslensku skólakerfi. Jafnframt að stunda veitingarekstur, útleigu aðstöðu, útgáfustarfsemi og verslun með kvikmyndir, bækur og annan kvikmyndatengdan varning. Til að ná tilgangi sínum rekur Heimili kvikmyndanna m.a. kvikmyndahúsið „Bíó Paradís“ við Hverfisgötu í Reykjavík, sem áður hýsti kvikmyndahúsið Regnbogann.

3. gr. Starfsemi og markmið Bíós Paradísar

3.1. Húsakynni Bíó Paradísar við Hverfisgötu í Reykjavík séu hjarta kvikmyndamenningar í Reykjavík, aðsetur kvikmyndahátíða og kvikmyndahús sem leggur sérstaka áherslu á að kynna innlendar og erlendar listrænar kvikmyndir með breiðri skírskotun til aldurshópa. Bíó Paradís skal á samningstímanum vera aðili að og uppfylla skilyrði „Europa Cinemas“ sem m.a. kveða á um starfsemi listrænna kvikmyndahúsa. Stefna og stefnumörkun Bíó Paradísar skal vera aðgengileg og birt opinberlega á vef bíósins.

3.2. Bíó Paradís sé samvinnuvettvangur sem flestra þeirra sem koma að kvikmyndamálum hér á landi og efli samstöðu meðal kvikmyndagerðarmanna, -unnenda, stofnana og félaga á sviði kvikmyndamála og dreifingaraðila kvikmynda.

| |
|--|
| Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar |
| 21 DES. 2018 |
| Málsnr.: RMF 16120011 |
| SKjalaflokkur: 3.1.3 |

3.3. Bíó Paradís sérhæfir sig í sýningum á nýjum listrænum og eldri klassískum kvikmyndum í þeim tilgangi að efla mannlíf og kvikmyndamenningu í borginni.

3.4. Bíó Paradís sýnir íslenskar kvikmyndir reglulega og íslenskar heimildarmyndir og reynir eftir fremsta megni að efla hag íslenskrar kvikmyndagerðar bæði innanlands og erlendis.

3.5. Bíó Paradís sé heimili margvíslegra kvikmyndahátíða í borginni og standi að auki fyrir fjölda annarra kvikmyndaviðburða af ýmsu tagi. Gert er ráð fyrir að Heimili kvikmyndanna ses og Reykjavík International Film Festival (RIFF) nái samkomulagi um samstarf og sýningar RIFF í Bíói Paradís gegn eðlilegu endurgjaldi fyrir húsið.


3.6. Bíó Paradís haldi áfram öflugum starfi á vettvangi barnamenningar og fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir grunnskólabörn í Reykjavík. Þannig bjóði bíóið nemendum á kvikmyndasýningar á skólatíma skólum að kostnaðarlausu með það að markmiði að efla kvikmyndalæsi nemenda, m.a. myndlæsi, myndproska og áhuga á kvikmyndasögu. Undirbúningur hvers sýningarárs þ.á.m. val kvikmynda og tengd námsgögn, séu unnin í nánu samstarfi Bíó Paradísar og Skóla- og frístundasviðs og tryggt að sýningar, kynningar og námsefni verði undirbúið fagfólki.

4. gr. Kynningarmál

Bíó Paradís ber ábyrgð á markaðssetningu kvikmyndahússins og að kynna Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni Bíó Paradísar jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Bíó Paradís sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Bíó Paradísar með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Bíó Paradís skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar kvikmyndahúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa skal náð samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.



5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Heimili kvikmyndanna ses. til í beinum fjárframlögum kr. 17,500,000 á ári 2017, 2018 og 2019.

Greiðsla framlags skiptist þannig árin 2017, 2018 og 2019:

| | | | |
|---------------|------------------|---------------|--------------------|
| kr. 3,500,000 | 1. – 3. janúar, | kr. 1,500,000 | 1. – 3. júlí, |
| kr. 1,500,000 | 1. - 3. febrúar, | kr. 1,000,000 | 1. – 3. ágúst, |
| kr. 1,500,000 | 1. - 3. mars, | kr. 1,000,000 | 1. – 3. september, |
| kr. 1,500,000 | 1. - 3. apríl , | kr. 1,000,000 | 1. – 3. október, |
| kr. 1,500,000 | 1. – 3. maí, | kr. 1,000,000 | 1. – 3. nóvember, |
| kr. 1,500,000 | 1. - 3. júní | kr. 1,000,000 | 1. - 3. desember. |

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning : 0331-13-110317.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á rekstri Bíó Paradísar og að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Heimili kvikmyndanna ses. er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Heimili kvikmyndanna ses. um Bíó Paradís. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2017, 2018 og 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Heimilis kvikmyndanna ses. að áherslum Bíós Paradísar fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Heimili kvikmyndanna ses. skilar þá árituðum ársreikningi fyrra árs, áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áætlun um starfsemi komandi árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Heimili kvikmyndanna ses. hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að

fella niður greiðslur þar til Heimili kvikmyndanna ses. hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 19. desember 2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2019.

Við gildistöku þessa samnings þ. 1. jan. 2017 falla fyrri samningar aðila úr gildi.


Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

Reykjavík, 21. desember 2016.

F.h. Reykjavíkurborgar



Signý Pálsdóttir




Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:




F.h. Heimili kvikmyndanna ses.



Hrönn Sveinsdóttir

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík kt. 420996 - 2099 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík á tímabilinu 1. desember 2016 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

1.1. Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Stockfish er að:

- stuðla að samtali íslensks kvikmyndaiðnaðar við erlendan og bjóða landsmönnum upp á það besta í alþjóðlegri kvikmyndagerð
- efla íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu
- vekja athygli á Reykjavík sem alþjóðlegri og framsækinni kvikmyndahátíðaborg
- koma íslenskri kvikmyndamenningu á framfæri við erlenda aðila og í erlendum fjölmiðlum
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar utan hefðbundins ferðatíma

1.2. Markmið Stockfish eru að:

- þjóna samfélaginu sem hún sprettur úr, efla og auðga kvikmyndamenningu á Íslandi árið um kring og vera íslenskum kvikmyndaiðnaði lyftistöng bæði erlendis og innanlands
- kynna íslenskan kvikmyndaiðnað, stuðla að samstarfi og samstöðu allra aðila sem vinna að málaflokknum í landinu, og leyfa samfélaginu að njóta þeirra gæða sem skapast af slíkum menningarviðburði
- Með sýnileika sínum og upplýsingagildi hafi hátíðin burði til þess að kynna íslenska kvikmyndamenningu út fyrir landssteinana, hlúa að grundvöllinum fyrir kvikmyndamenningu og - iðnað í landinu
- Stockfish verði hátíð áhorfenda, þar sem aðgengi allra að kvikmyndamenningunni yrði tryggt.
- að vekja athygli á og styðja upprennandi kvikmyndagerðarmenn með stuttmyndakeppninni Sprettfisknum sem vakið hefur sérstaka athygli erlendra fjölmiðla
- Stockfish kvikmyndahátíð í Reykjavík verði nútímalegur, umhverfisvænn og fjölbreyttur viðburður fyrir alla og aðgengileg fötluðum sem og börnum og eldra fólki.
- bjóða upp á tækifæri er skapast við stefnumót innlendra og erlendra fagaðila með tengslamyndun, vinnustofum, málstofum og þekkingarmiðlun sem á sér stað á hátíðinni.

2. gr. Forsaga

Kvikmyndahátíð með nafninu Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík var fyrst haldin 2015 en hátíðin á sér dýpri rætur, því með Stockfish er Kvikmyndahátíð Reykjavíkur sem haldin var allt frá 1978 til 2001 endurvakin undir nýju nafni.

Stockfish kvikmyndahátíðin er grasrótahreyfing kvikmyndagerðarmanna á Íslandi. Aðalmarkmið hátíðarinnar er að stuðla að samtali og samstarfi íslenska kvikmyndaiðnaðar við erlendan kvikmyndaiðnað og á sama tíma bjóða landsmönnum upp á það besta í alþjóðlegri kvikmyndagerð. Hátíðin nýtur góðs af breiðri samstöðu fagfólks og stofnana í kvikmyndageiranum. Á hátíðinni er lögð sérstök áhersla á að sýna handvaldar gæðamyndir og verðlaunamyndir frá stærstu alþjóðlegu kvikmyndahátíðum víðsvegar að úr heiminum. Gæði, orðspor og efnisinnihald myndanna er í forgrunni. Þetta er gert svo samfélagið fái að njóta hins besta sem er að gerast úr heimi kvikmyndanna. Leikstjórar og aðrir aðstandendur fylgja myndum sínum sem gefur áhorfandanum enn dýpri innsýn og upplifun en ella á svokölluðum spurt og svarað sýningum. Leikstjórar og aðrir hátíðargestir taka einnig virkan þátt í dagskrá hátíðarinnar sem inniheldur fjölda fyrirlestra og vinnusmiðjur.

Stockfish kvikmyndahátíð í Reykjavík verður haldin í þriðja sinn dagana 23. febrúar – 5. mars. 2017 í Bíó Paradís. Dagskrá hátíðarinnar er hnitmiðuð, boðið er upp á 30 handvaldar gæðakvikmyndir, lykilfyrirlesara í sjálfstæðri kvikmyndagerð, vinnustofur í tengslum við hinn þekhta kvikmyndaskóla FAMU, stuttmyndakeppnina Sprettfiskinn, pallborðsumræður, námskeið og aðra sérvíðburði. Á hátíðinni 2017 verður lögð sérstök áhersla á grunnform kvikmyndagerðar, myndlistina og myndir sýndar tengt því þema sem og fjallað um handritaskrif með tengingu í sýndarveruleika. Hugmyndin er að halda vinnusmiðju og fyrirlestra um handritaskrif og framtíð hennar í sýndarveruleikaformi kvikmyndanna. Á sama tíma verða sýndar myndir með myndlistartengingu í sérstökum flokki.

3. gr. Framlag Stockfish

Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík skipuleggur og heldur Stockfish árlega í Bíó Paradís á samningstímanum í feb.- mars 2017, 2018 og 2019. Framkvæmd hátíðarinnar skal vera í samræmi við markmið í 1. grein. Á hátíðinni skal bjóða upp á a.m.k. 30 handvaldar gæðakvikmyndir, lykilfyrirlesara í sjálfstæðri kvikmyndagerð, vinnustofur, stuttmyndakeppnina Sprettfiskinn fyrir upprennandi kvikmyndagerðarmenn, barnadagskrá, pallborðsumræður, námskeið og aðra sérvíðburði. Stockfish skal stuðla að góðri samvinnu og samstarfi allra hagsmunaaðila í kvikmyndageiranum á Íslandi.

AP MSB

4. gr. Kynningarmál

Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og að kynna Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni Stockfish jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Stockfish sé styrkt af Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsrefni Stockfish, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Stockfish skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar leikhúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa skal náð samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsrefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Stockfish til í beinum fjárframlögum 3,5 m.kr. des. 2016, 1 m.kr. jan 2017, 4.500.000.- árið 2018 og 4.500.000.- árið 2018. Greiðsla framlags skiptist þannig:

Kr. 3.500.000 1.-3. des. 2016

Kr. 2.000.000 1.-3. feb. 2018

Kr. 1.000.000 1.-3. jan. 2017


Kr. 2.500.000 1.-3. jan. 2019

Kr. 2.500.000 1.-3. jan. 2018

Kr. 2.000.000 1.-3. feb. 2019

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 111 – 26 – 70300 kt. 4209962099.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.



6. gr. Ábyrgð

Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík, fagmennsku hennar, öryggi og gæðum.

Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning.

Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit


Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál.

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2017, 2018 og 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík að áherslum næstu hátíðar. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík skilar þá áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi fyrra árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Stockfish - kvikmyndahátíð í Reykjavík hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.



9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 28. nóvember 2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.


10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 30.11. 2016

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Stockfish - kvikmyndahátíðar í Reykjavík



Signý Pálsdóttir




Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið



Marzibil Sæmundardóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269- 7609 annars vegar, í samningi þessum skammstafað MOF og Menningarfélagið Tjarnarbíó kt. 590810-1180 hins vegar, í samningi þessum skammstafað MTB, gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning um rekstur Tjarnarbíós

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Markmið með rekstri Tjarnarbíós er að skapa miðstöð fyrir sviðslistir og aðra menningarviðburði þar sem einstaklingum og hópum í menningarstarfi er gert kleift að leigja aðstöðu á viðráðanlegu verði. Vísað er til menningarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem segir: „Mikilvægt er að styrkveitingar taki mið af því að mörkin milli listforma og ólíkra menningarheima eru í sífelldri endurskoðun. Auk þess að styðja við gróin verkefni sem hafa fundið sinn farveg, þarf borgin að hlúa að hlúa að grasrótar- og tilraunastarfsemi sem oft er vísirinn að því sem koma skal.“

Megináherslur Tjarnarbíós verða eftirfarandi:


- að Tjarnarbíó nýtist sjálfstæðum atvinnuleikhópum fyrir sýningar – en jafnframt æfingar eftir því sem við verður komið.
- að Tjarnarbíó haldi áfram því blómlega starfi sem fyrir sem einn meginvettvangur nýsköpunar í íslenskum sviðslistum.
- að fjölbreytilegir menningarviðburðir njóti aðgangs að húsinu þótt starfsemi tengd sviðslistum sé í forgangi.
- að listuppeldi barna og unglinga sé sinnt.
- að hluti starfseminnar höfði til erlendra ferðamanna.
- að Tjarnarbíó sinni alþjóðlegum tengslum og verði til þess að auka framboð á alþjóðlegum menningarviðburðum í Reykjavík.

2. gr. Markmið MTB

Að Tjarnarbíó verði heimili lifandi lista, grasrótastarfs í listum og upplýsingamiðstöð um lifandi listir fyrir Íslendinga og ferðamenn.

Stefnt verði að því á næstu misserum

- Að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá af því besta og ferskasta í íslenskum sviðslistum.
- að Tjarnarbíó vinni sér sess í hugum listamanna og landsmanna sem klasi sjálfstæðra sviðslista, upplýsingamiðstöð um listir og heimili grasrótastarfs í listum, þar sem sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, frumleiki og gæði fara saman
- að byggja upp ímynd Tjarnarbíós sem vettvang atvinnuleikhópa til að setja á svið eigin verk
- Að almenningur öðlist aukinn skilning á vinnu listamanna og mikilvægi hennar fyrir þjóðfélagið.
- að Tjarnarbíó verði leiðandi afl hérlendis í alþjóðlegu samstarfi í sviðslistum
- að Tjarnarbíó auki veg sviðslista sem atvinnu- og útflutningsgreinar



- að bjóða upp á sýningar sem höfða til erlendra ferðamanna á sumrin

3. gr. Framlag MTB

MTB tekur að sér rekstrarstjórn á Tjarnarbíói og er ábyrgt fyrir rekstri, skipulagningu og kynningu á starfsemi hússins.

- MTB skal gangast fyrir öflugri og samfelldri menningarstarfsemi allt árið í Tjarnarbíói á eigin vegum, í samstarfi við aðra eða með öðrum þeim hætti sem samræmist 1. og 2. grein og tryggir góða nýtingu á húsinu. Taka ber tillit til starfsleyfis einkum hvað varðar hættu á truflun vegna hávaða.
- MTB ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. MTB er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.
- Allur rekstur Tjarnarbíós annar en sá sem Reykjavíkurborg annast samkvæmt samningi þessum og samningi MTB við Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar skal vera í höndum og greiðast af MTB.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Tjarnarbíós jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að rekstur Tjarnarbíós sé styrktur af Reykjavíkurborg og hún sé þess helsti bakhjarl.

- Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Tjarnarbíós með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.
- Tjarnarbíó skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar leikhúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.
- Hafa skal náíð samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Framlag Reykjavíkurborgar til MTB vegna Tjarnarbíós er tvíþætt; annars vegar rekstrarframlag til menningarstarfsemi og hins vegar styrkur vegna innri leigu vegna nýtingar fasteignar og búnaðar sem ákvarðast af Reykjavíkurborg. Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2017 nemur heildarframlag til starfsemi og rekstrar í Tjarnarbíói kr. 41.242.913 sem skiptist með eftirfarandi hætti:

I. Rekstrarframlag

Á samningstímanum veitir Reykjavíkurborg MTB árlegt framlag til rekstrar Tjarnarbíós í beinum fjárframlögum 14 m.kr. 2017, 14,5 m.kr 2018 og 15 m.kr. 2019.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning: 101-26-100338.

Greiðsla framlags skiptist þannig árið 2017:

| | | | |
|---------------|------------------|---------------|--------------------|
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. janúar, | kr. 1.150,000 | 1. – 3. júlí, |
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. febrúar, | kr. 1.150,000 | 1. – 3. ágúst, |
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. mars, | kr. 1.150,000 | 1. – 3. september, |
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. apríl, | kr. 1.150,000 | 1. – 3. október, |
| kr. 1.150,000 | 1. – 3. maí, | kr. 1.150,000 | 1. – 3. nóvember, |
| kr. 1.150,000 | 1. – 3. júní, | kr. 1.150,000 | 1. – 3. desember |

Samtals 14 m.kr. á árinu 2017

Greiðsla framlags skiptist þannig árið 2018:

| | | | |
|---------------|------------------|---------------|--------------------|
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. janúar, | kr. 1.200,000 | 1. – 3. júlí, |
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. febrúar, | kr. 1.200,000 | 1. – 3. ágúst, |
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. mars, | kr. 1.200,000 | 1. – 3. september, |
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. apríl, | kr. 1.200,000 | 1. – 3. október, |
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. maí, | kr. 1.200,000 | 1. – 3. nóvember, |
| kr. 1.200,000 | 1. – 3. júní, | kr. 1.200,000 | 1. – 3. desember. |

Samtals 14,5 m.kr. á árinu 2018

Greiðsla framlags skiptist þannig árið 2019:

| | | | |
|---------------|------------------|---------------|--------------------|
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. janúar, | kr. 1.250,000 | 1. – 3. júlí, |
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. febrúar, | kr. 1.250,000 | 1. – 3. ágúst, |
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. mars, | kr. 1.250,000 | 1. – 3. september, |
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. apríl, | kr. 1.250,000 | 1. – 3. október, |
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. maí, | kr. 1.250,000 | 1. – 3. nóvember, |
| kr. 1.250,000 | 1. – 3. júní, | kr. 1.250,000 | 1. – 3. desember. |

Samtals 15 m.kr. á árinu 2019

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áraanna 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni.

II. Styrkur vegna innri leigu

Eignasjóður gerir sérstakan samning við MTB um afnot félagsins af húseign og búnaði Tjarnarbíós. Hann miðast við að samstarfssamningur sé í gildi milli MTB og Menningar- og ferðamálasviðs, sem jafnframt veitir félaginu styrk vegna húsa- og

tækjaleigu. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2017 nemur húsa- og tækjaleiga fyrir Tjarnarbíó kr. 27.242.913

Styrkur MOF vegna húsa- og tækjaleigu Tjarnarbíós bókfærast sem húsaleigustyrkur til MTB. Húsa- og tækjaleigan getur tekið breytingum ef reglur Reykjavíkurborgar um útreikning innri leigu breytast eða ef nýjar fjárfestingar í húsnæði eða búnaði verða á tímabilinu.

Á samningstímanum nemur húsaleigustyrkur MOF sömu fjárhæð og Eignasjóður innheimtir vegna afnota MTB af Tjarnarbíó.

Eignasjóður tilnefnir sérstakan tengilið Tjarnarbíós og skal hann vera tengiliður við MTB. Samningur um nýtingu húss og búnaðar við Eignasjóð frá 16. janúar 2014 er fylgiskjal með samningi þessum.

6. gr. Hússtjórn

Hússtjórn Tjarnarbíós hefur eftirlit með rekstri þess og með efndum samnings þessa og fjallar jafnframt um viðhald og framkvæmdir. Hún er skipuð einum fulltrúa MOF, einum fulltrúa MTB og einum fulltrúa skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Fulltrúi MOF gegnir formennsku. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda þegar þurfa þykir – en að lágmarki þrisvar sinnum á ári. Hússtjórn getur boðað umsjónarmann fasteignarinnar á fundi sína. Þá getur stjórnin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundargerðir hússtjórnar skulu sendar MOF sem kynnr efni þeirra fyrir viðkomandi ráðum sé tilefni til. Seta í hússtjórn er ólaunuð.


7. gr. Upplýsingaskylda og eftirlit

MTB skal senda hússtjórn Tjarnarbíós árlega starfs- og fjárhagsáætlun sína. Áætlun skal greina rekstrarlegt umfang starfsemi Tjarnarbíós á komandi ári, fyrirhugað samstarf og ætlað umfang starfsemi í húsinu. Þá skal einnig tilkynna hússtjórn um gjaldskrá einu sinni á ári eða jafnan þegar á henni verða breytingar.

Eftir kynningu starfsáætlunar í hússtjórn skulu starfs- og fjárhagsáætlanir Tjarnarbíós kynntar menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar.

MTB kynnr hússtjórn jafnframt árlega stöðu rekstrar og framgang starfsáætlunar og skal á sama tíma leggja fram áritaðan ársreikning rekstrarfélags um Tjarnarbíó. Rekstrarstaða hússins skal metin sérstaklega í september eða október 2017 og 2018 sbr. 4. grein í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar komandi árs.

Telji MTB hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal hússtjórn tilkynnt um það skriflega án tafar. Telji hússtjórn misbrest á framkvæmd starfs- og

Handwritten signature and initials in the bottom right corner of the page.

fjárhagsáætlunar eða óviðunandi óvissu ríkja um rekstur starfsemi í Tjarnarbíói ber henni að tilkynna það menningar- og ferðamálaráði. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til MTB hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs 24. október 2016. Samningurinn gildir frá undirritun til 31. desember 2019 þegar hann rennur út, komi ekki til endurnýjunar af hálfu aðila. Samráðsfundur aðila um mat og mögulega endurnýjun samnings fari fram í síðasta lagi í júní 2019 að frumkvæði hússtjórnar. Jafnframt er gerður fyrirvari um samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2018 og 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, 21. desember 2016

F.h.
Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar,


F.h.
Menningarfélagsins Tjarnarbíó,




Sigrún Páladóttir


Friðrik Friðriksson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


Kristín V. Thorgeirsdóttir


Andri Halldórsson

THE UNIVERSITY OF CHICAGO
The University of Chicago Press
50 East Lake Street
Chicago, Illinois 60607
U.S.A. and Canada
0022-0191/80/0000-0000\$02.00
© 1980 Cambridge University Press
Printed in Great Britain

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf, kt. 680704-2870, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík ehf., í samningi þessum nefnd RIFF (Reykjavík International Film Festival), á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

RIFF er útnefnd ein fjögurra borgarhátíða Reykjavíkur 2017 – 2019. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs. Borgarhátíð Reykjavíkur skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki fimm sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjú daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- vera framúrskarandi á sínu sviði

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við RIFF er að:

- efla jákvæða ímynd íslenskra kvikmynda jafnt innanlands sem utan
- vekja athygli á Reykjavík sem alþjóðlegri og framsækinni kvikmyndaborg
- kynna Íslendingum það besta og ferskasta úr alþjóðlegri kvikmyndagerð
- koma íslenskri kvikmyndamenningu á framfæri við erlenda aðila og í erlendum fjölmiðlum
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar utan hefðbundins ferðatíma.

Hlutverk og markmið Alþjóðlegrar kvikmyndahátíð í Reykjavík er að bæta kvikmyndamenningu og kvikmyndalæsi hérlendis m.a. með því að sýna úrval nýrra kvikmynda, tengja kvikmyndir við aðrar listgreinar, reka fræðsludagskrá sem höfðar bæði til almennings og fagfólks, halda kvikmyndatengda sérviðburði, tengja innlenda og erlenda kvikmyndagerðarmenn og vekja athygli á Reykjavík sem kvikmyndaborg og Íslandi sem kvikmyndalandi.

RIFF tekur þátt í samfélagslegri umræðu með því að sýna kvikmyndir sem snerta mikilvæg málefni og hafa jafnframt gott skemmtana- og listrænt gildi.

1

| |
|--|
| Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar |
| 9 JAN. 2017 |
| Málsnr.: RMF 16080010 |
| Skjalaflokkur: 3.1.3 |



Stefna RIFF er að verða meðal fremstu kvikmyndahátíða í norðanverðri Evrópu á næstu tíu árum. Að hún efli hróður Reykjavíkurborgar og leiði til landsins nýja hópa ferðamanna.

2. gr. Forsaga

Kvikmyndahátíðin RIFF hefur verið haldin í Reykjavík árlega frá stofnun árið 2004. Hátíðin stendur alla jafna yfir í 11 daga á hverju hausti í lok september. Áhersla er á nýja og framsækna dagskrá. Leitast er við að hátíðin sé í góðum samhljómi við stefnu Reykjavíkurborgar í menningarmálum. Áhersla er á að kynna Reykjavík sem kvikmyndaborg og Ísland sem kvikmyndagerðarland.

Auk þeirra sex meginflokka sem myndum hátíðarinnar er skipt í þá eru kvikmyndir heiðursgesta sýndar auk sérsýninga utan flokka eftir því sem við á og óhefðbundnar kvikmyndasýningar. Metnaðarfull fræðsludagskrá fer fram samhliða hátíðinni í formi pallborðsumræðna og meistaraspjalla með gestum hátíðarinnar. Auk þess stendur RIFF fyrir spurt-og-svarað sýningum (Q&A) þar sem leikstjórar eru viðstaddir sýningar mynda sinna og árlegri kvikmyndasmiðju með ungu kvikmyndagerðarfólki, Talent Lab, sem stendur yfir í fimm daga á meðan á hátíð stendur. Hátíðina sækir fjöldi fagfólks, ferðamanna og blaðamanna. Sérstök dagskrá, Bransadagar, miðar að því að tengja erlenda gesti við íslenskt atvinnufólk og fara m.a. á þekktu tókustaði. RIFF er nú þegar komið á hið alþjóðlega kvikmyndahátíðarkort og orðið þekkt vörumerki víða um heim.

Á næstu fimm árum er markmiðið að auka veltu RIFF úr 60 milljónum í um 120 milljónir og hámarka sætanýtingu. Árlega sækja um það bil 20.000 gestir hátíðina. RIFF stefnir að því að auka aðsókn á hátíðina með það að markmiði að gestir hátíðarinnar verði hátt í 60 þúsund árið 2020.

3. gr. Framlag RIFF

RIFF skipuleggur og stjórnar framkvæmd á alþjóðlegri kvikmyndahátíð sem haldin er árlega í Reykjavík 2017, 2018 og 2019. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af 1. og 2. grein samnings.

4. gr. Kynningarmál

RIFF ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á RIFF og Reykjavík í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni RIFF jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að RIFF sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni RIFF, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

RIFF skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa skal náð samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum. Samráð skal jafnframt haft við Höfuðborgarstofu um dagskrá fyrir erlenda fjölmiðlamenn sem koma til Reykjavíkur í tengslum við hátíðina. Frekara samstarf

um móttöku erlendra fjölmiðla verður samkvæmt nánara samkomulagi á milli RIFF og Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg RIFF til í beinum fjárframlögum kr. 10.000.000.- á ári. Árin 2017, 2018 og 2019 greiðist upphæðin í 4 greiðslum:

Kr. 2.500.000 1.- 3. febrúar

Kr. 2.500.000 1.- 3. júní

Kr. 2.500.000 1.- 3. september

Kr. 2.500.000 1.- 3. desember

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0306 – 26 – 002870. Kt. 680704-2870.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun háttíðarinnar að breyttri fjárveitingu

6. gr. Ábyrgð og skyldur

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á RIFF, fagmennsku háttíðarinnar og gæðum. RIFF ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún stofnar til í tengslum við þennan samning og er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila eða setja hann með öðrum hætti til tryggingar á fjárskuldbindingum.

Reykjavíkurborg
Höfuðborgarstofa
Gæðingur

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við RIFF auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í júní 2017 og janúar og júní 2018 og 2019 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu RIFF að áherslum háttíðarinnar fyrir komandi starfsár.

RIFF leggur á janúarfundi fram uppgjör og skýrslu vegna fyrri háttíðar ásamt áformum um hvernig næsta háttíð muni uppfylla markmið samningsins.

Á samráðsfundi í júní verða lögð fram drög að endanlegri dagskrá komandi háttíðar ásamt kostnaðaráætlun. RIFF skuldbindur sig til að leggja þá einnig fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrri árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji RIFF hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til RIFF hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 28. nóvember 2016 um Borgarháttíðir Reykjavíkur 2017 – 2019. Við undirritun fellur úr gildi fyrri samningur sem undirritaður var 28. janúar 2015. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 9. janúar 2017



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

F.h. Reykjavíkurborgar

A large, stylized handwritten signature in black ink, likely belonging to the official from Reykjavíkurborgar.

A handwritten signature in black ink, likely belonging to the official from Alþjóðlegar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf.

F.h. Alþjóðlegar kvikmyndahátíðar í Reykjavík ehf

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Two handwritten signatures in black ink, likely belonging to witnesses or officials involved in the signing process.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Hinsegin dagar í Reykjavík kt. 561199-2219 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Hinsegin daga í Reykjavík - Reykjavík Pride á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride er útnefnd ein fjögurra borgarhátíða Reykjavíkur 2017 – 2019. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs. Borgarhátíð Reykjavíkur skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki fimm sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- vera framúrskarandi á sínu sviði

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Hinsegin daga í Reykjavík - Reykjavík Pride er að:

- auka veg og virðingu Hinsegin daga í Reykjavík - Reykjavík Pride sem menningarviðburðar í borginni
- starfa í anda mannréttindastefnu borgarinnar sem hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi
- kynna Reykjavík sem hátíðaborg sem er í fararbroddi í mannréttindamálum
- hafa samvinnu við þá sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun, þekkingaröflun og sjálfsprottið starf sem hefur jafnrétti og mannréttindi að leiðarljósi.
- vekja athygli á og kynna menningu samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks hér á landi og erlendis
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar.

| |
|--|
| Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar |
| 9. JAN. 2017 |
| Málsnr.: RMF 16080010 |
| Skjalaflokkur: 3.13 |

[Handwritten signature]

Markmið Hinsegin daga í Reykjavík - Reykjavík Pride eru að:

- halda árlega hinsegin hátíð - Reykjavík Pride í Reykjavík
- halda gleðigöngu og útihátíð í miðborg Reykjavíkur seinnihluta sumars ár hvert þar sem öllum borgarbúum er frjálst að fylgjast með og taka þátt
- stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi
- rækta tengsl við erlendar hreyfingar tengdra hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær

2. gr. Forsaga

Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride eru mannréttindahátíð sem haldin hefur verið árlega í Reykjavík vikuna eftir verslunarmannahelgi frá árinu 1999. Undanfarin ár hefur hátíðin staðið frá þriðjudegi til sunnudags og allt að 100.000 gestir hafa komið í miðborgina þegar hátíðin nær hápunkti sínum með gleðigöngu og útihátíð við Arnarhól. Hinsegin dagar hafa þannig fest sig í sessi sem ein af stærstu hátíðum landsins. Hin almenna þátttaka Íslendinga og erlendra gesta í hátíðahöldunum hefur vakið athygli víða um heim og dregur árlega fjölda fólks til Reykjavíkur. Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride eru sýnileika-, baráttu- og menningarhátíð og mikilvægur þáttur í lífi og sjálfsvitund hinsegin fólks á Íslandi. Hátíðin hefur þróast frá því að vera fyrst og fremst kröfuganga fyrir grundvallarmannréttindum og samfélagslegri viðurkenningu yfir í að vera víðfeðm mannréttinda- og menningarhátíð sem leggur jöfnum höndum áherslu á fræðslu, fögnuð og baráttu.

3. gr. Framlag Hinsegin daga í Reykjavík

Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride halda gleðigöngu og útihátíð í miðborg Reykjavíkur árlega 2017, 2018 og 2019, þar sem öllum borgarbúum er frjálst að fylgjast með og taka þátt. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af markmiðum í 1. grein samningsins.

4. gr. Kynningarmál

Hinsegin dagar í Reykjavík bera ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggja sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni og Reykjavík í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni Hinsegin daga jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Hinsegin dagar séu styrktir af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Hinsegin daga, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Hinsegin dagar skulu gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa skal náið samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum. Samráð skal jafnframt haft við Höfuðborgarstofu um dagskrá fyrir erlenda fjölmiðlamenn sem koma til Reykjavíkur í tengslum við hátíðina. Frekara samstarf um móttöku erlendra fjölmiðla verður samkvæmt nánara samkomulagi á milli Hinsegin daga og Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Hinsegin dögum í Reykjavík - Reykjavík Pride til í beinum fjárframlögum kr. 7.000.000.- á ári 2017, 2018 og 2019. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

Kr. 2.000.000 1.-3. mars

Kr. 2.000.000 1.-3. apríl

Kr. 2.000.000 1.-3. júní

Kr. 1.000.000 1.-3. september.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 150 -26 -8100, kt. 561199-2219.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Hinsegin dagar í Reykjavíkbera ábyrgð á Hinsegin dögum í Reykjavík - Reykjavík Pride, fagmennsku þeirra, öryggi og gæðum. Þeir stýra allri framkvæmd og vali á dagskrá og sækja um öll leyfi til skemmtanahalds og annarra uppákoma sem snerta hátíðina til þar til bærra yfirvalda og stofnana. Hinsegin dagar í Reykjavík bera ábyrgð á skuldbindingum sem þeir eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Hinsegin dögum í Reykjavík er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Hinsegin daga í Reykjavík auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu annars vegar vera haldnir í apríl/mái árlega a samningstímanum, þar sem farið verður yfir fyrirhugaða framkvæmd samningsins og tillögu Hinsegin daga í Reykjavík að áherslum næstu hátíðar. Hins vegar skal skila skýrslu um framkvæmd og fjárhagsuppgjör hátíðarinnar til skrifstofu menningarmála eigi síðar en 15. október ár hvert. Boðað verður til annars samráðsfundar reynist tilefni til. Hinsegin dagar í Reykjavík skuldbinda sig jafnframt til að leggja árlega fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan

ársreikning vegna síðustu hátiðar á fundi 2018 og 2019. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Hinsegin dagar í Reykjavík hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Hinsegin dagar í Reykjavík hafa sýnt fram á að þeir muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 28. nóvember 2016 um Borgarhátiðir Reykjavíkur 2017 – 2019. Við undirritun fellur úr gildi fyrri samningur sem undirritaður var 18.2.2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 9. janúar 2017

F.h. Reykjavíkurborgar

A large, stylized handwritten signature in black ink, likely belonging to the Mayor of Reykjavík.

Vottar að réttu dagsetningu og undirskrift:

A second handwritten signature in black ink, appearing to be the name 'Kjartan Vidmúll'.

F.h. Hinsegin daga í Reykjavík

A handwritten signature in black ink, appearing to be the name 'Kjartan Vidmúll'.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Hönnunarmiðstöð Íslands ehf kt. 460208-0170, í samningi þessum nefnd Hönnunarmiðstöð, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Hönnunarmiðstöð Íslands vegna HönnunarMars og erlends samstarfs miðstöðvarinnar á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

HönnunarMars er útnefnd ein fjögurra borgarhátíða Reykjavíkur 2017 – 2019. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs. Borgarhátíð Reykjavíkur skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:


- vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki fimm sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjá daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- vera framúrskarandi á sínu sviði

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Hönnunarmiðstöð vegna HönnunarMars og erlends samstarfs er að:

- styrkja íslenska hönnun og arkitektúr
- vekja áhuga og auka skilning á mikilvægi góðrar hönnunar fyrir menningar- og efnahagslífið og þjóðfélagið í heild
- vekja athygli á og kynna íslenska hönnun hér á landi og erlendis með sérstakri áherslu á Reykjavík sem hönnunarborg
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

| |
|--|
| Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar |
| 9 JAN. 2017 |
| Málsnr.: RMF 16080010 |
| Skjalaflokkur: 3.1.3 |



Markmið HönnunarMars er að halda uppskeruhátíð íslenskrar hönnunar og arkitektúrs í marsmánuði ár hvert eins og fram kemur í 2. grein.

2. gr. Forsaga

HönnunarMars er alþjóðlegur viðburður í Reykjavík og stærsta kynningarverkefni á sviði hönnunar og arkitektúrs á hverju ári. Hönnunarmiðstöð hefur staðið fyrir HönnunarMarsi árlega frá árinu 2009 og vinnur nú að undirbúningi hans allt árið. Dagskráin er unnin af félögunum nú sem eiga Hönnunarmiðstöð og hún fær söfn, gallerí, listaháskóla, einstaka hönnuði ofl. til samstarfs.

Á HönnunarMarsi frumsýna hönnuðir ný verk, hann er uppskeruhátíð, þar fara fram viðskiptastefnumót íslenskra og erlendra fyrirtækja við fyrirtæki hönnuða, viðburðurinn hvetur til samstarfs og nýrra stefnumóta, í honum felast þróunar-, mennta- og nýsköpunartækifæri, auk tækifæra til verðmætasköpunar og kynningar á íslenskri hönnun á Íslandi og á alþjóðavettvangi.

HönnunarMars hefur fest sig í sessi sem ein af stærstu hátíðum borgarinnar. Staðfest var í þjóðarpúlси Capacent 2015 að um 30 þúsund Íslendingar taka þátt í HönnunarMarsi á hverju ári og 95% þjóðarinnar þekkja hátíðina. Markvisst er unnið að því að auka fjölda erlendra blaðamanna og gesta sem koma til landsins sérstaklega til að taka þátt í HönnunarMarsi. Hátíðin er nú þegar orðinn vel kynnt víða erlendis sem einstakur og áhugaverður hönnunarviðburður fyrir erlent fagfólk þar sem þekking og viðskipti renna saman við skemmtun og spennandi borgar- og náttúruupplifun. Hönnunarmiðstöð hefur jafnframt staðið fyrir sýningum á íslenskri hönnun erlendis. Samningur þessi felur í sér framhald á þessu erlenda samstarfi s.s Nordic Design Lunch og We Live Here.

HönnunarMars brúar bilið á milli nýskapandi hönnunar yfir í viðskipti og útflutning. Á næstu árum verður lögð áhersla að auka breiddina enn frekar, tryggja að allar greinarnar eigi fastan og öruggan sess innan hátíðarinnar. Einnig verður unnið í því að styrkja innihaldið, gæði og fagmennsku og tryggja góða sýningarstaði.

3. gr. Framlag Hönnunarmiðstöðvar

Hönnunarmiðstöð skipuleggur og heldur HönnunarMars árlega 2017, 2018 og 2019 og kynnir jafnframt íslenska hönnun og Reykjavík sem hönnunarborg í gegnum erlend samstarfsverkefni sem tengjast hátíðinni. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af markmiðum í 1. og 2. grein samnings.

4. gr. Kynningarmál

Hönnunarmiðstöð ber ábyrgð á markaðssetningu HönnunarMars og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni HönnunarMars jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að HönnunarMars sé styrktur af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni HönnunarMars, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

HönnunarMars skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa skal náíð samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum. Samráð skal jafnframt haft við Höfuðborgarstofu um dagskrá fyrir erlenda fjölmiðlamenn sem koma til Reykjavíkur í tengslum við hátíðina. Frekara samstarf um móttöku erlendra fjölmiðla verður samkvæmt nánara samkomulagi á milli HönnunarMars og Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Hönnunarmiðstöð til í beinum fjárframlögum kr. 10.000.000.- á ári 2017, 2018 og 2019. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 4.000.000 þ. 19. – 21. janúar

kr. 4.000.000 þ. 1.-3. mars

kr. 2.000.000 þ. 1. – 3. júní.

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0101 – 26 – 080170, kt. 460208-0170.


Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Hönnunarmiðstöð ber ábyrgð á HönnunarMarsi, fagmennsku hátíðarinnar og gæðum. Hönnunarmiðstöð ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Hönnunarmiðstöð er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Hönnunarmiðstöð auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í júní og janúar ár hvert 2017, 2018 og 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Hönnunarmiðstöð leggur á júnífundum fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna



fyrri árs og skýrslu nýliðins HönnunarMars ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Á samráðsfundi í janúar verður lögð fram dagskrá komandi hátíðar ásamt kostnaðaráætlun. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Hönnunarmiðstöð hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Hönnunarmiðstöð hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 28. nóvember 2016 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017 – 2019. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 9. janúar 2017



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

F.h. Reykjavíkurborgar

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'D. Egg'.

F.h. Hönnunarmiðstöðvar Íslands

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'A. Einarsson'.

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Sigrún Halldóttir'.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og IA tónlistarhátíð ehf kt. 660510-1250, Laugavegi 105 Reykjavík gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við IA tónlistarhátíð vegna Iceland Airwaves á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Iceland Airwaves er útnefnd ein fjögurra borgarhátíða Reykjavíkur 2017 – 2019. Markmiðið með útnefningu borgarhátíðanna er að styðja samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll hátíða í Reykjavík sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs. Borgarhátíð Reykjavíkur skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hafa verið haldin að lágmarki fimm sinnum
- vera haldin árlega
- vera með alþjóðlega tengingu
- standa yfir í þrjú daga eða lengur
- vera með faglega stjórn
- viðhafa góða stjórnarhætti og rekstrarlegt gegnsæi
- fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði
- vera framúrskarandi á sínu sviði

Jafnframt skal hátíðin starfa í anda menningarstefnu, mannréttindastefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Iceland Airwaves er að:

- efla tónlistarlíf í Reykjavík
- styrkja jákvæða ímynd íslenskrar tónlistar jafnt innanlands sem utan
- vekja athygli á Reykjavík sem tónlistarborg
- koma íslenskum tónlistarmönnum á framfæri við erlenda aðila og í erlendum fjölmiðlum
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar utan hefðbundins ferðatíma

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin starfar eftir þremur markmiðum:

- Halda tónlistahátíð á heimsmælikvarða.
- Fjölga ferðamönnum utan háannatíma í Reykjavík.
- Efla útflutning íslenskrar tónlistar.

1 |

| |
|--|
| Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar |
| 9 JAN. 2017 |
| Málsnr.: RMF 16080010 |
| Skjalaflokkur: 3.1.3 |

2. gr. Forsaga

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin hefur verið haldin árlega frá árinu 1999 og hefur vaxið smám saman í þekktu alþjóðlega tónlistarhátíð. Hátíðin hefur reynst stökkpallur íslenskra hljómsveita sem eru að sækja á erlend mið auk þess að reynast landkynning sem hefur væntanlega skilað sér í mikilli aukningu ferðamanna, sem nefna tónlist sem eina af ástæðum ferðalagsins. Á hátíðinni árið 2015 komu fram 219 listamenn eða hljómsveitir þar af 68 erlend atriði og 151 íslenskt. Tónleikar voru rúmlega 250 talsins. Yfir 300 erlendir blaðamenn mættu á hátíðina og um 200 aðilar sem eru fagfólk í tónlistargeiranum. Þá hélt IA utan um yfir 680 tónleika á svokallaðri utandagskrá (off-venue) á 52 tónleikastöðum. Er talið að á milli 60 til 70 þúsund gestir hafi sótt þessa viðburði. Efnahagsleg áhrif hátíðarinnar á reykvískt og íslenskt hagkerfi eru veruleg. Iceland Airwaves vörumerkið er mjög þekkt og eftirsótt í tengslum við ráðstefnur í menningar- og tónlistargeiranum. Fulltrúar hátíðarinnar fara víða um heim til að kynna hátíðina og þá aðferðarfræði sem hún starfar eftir. Vegna þeirra sambanda sem hátíðin hefur myndað aðstoðar hún íslenska listamenn við tengslamyndun bæði með beinum og óbeinum hætti. Iceland Airwaves hefur haldið fjölmarga viðburði á erlendri grundu til þess að kynna hátíðina og íslenska tónlistarmenn í leiðinni. Hátíðin hefur verið leiðandi á heimsvísu við að bóka kvenhljómsveitir og kvenlistamenn. Árið 2015 hófst samstarf Iceland Airwaves og Urban Nation frá Berlín um veggjalist í Reykjavík sem haldið hefur áfram.

3. gr. Framlag IA tónlistarhátíðar

IA tónlistarhátíð tekur að sér að skipuleggja og stjórna framkvæmd á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni árlega 2017, 2018 og 2019. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af markmiðum í 1. grein samnings.

Reykjavíkurborg fær 50 aðgöngumiða til eigin ráðstöfunar á hátíðina ár hvert og getur nýtt þá fyrir fulltrúa Reykjavíkurborgar, fjölmiðla á eigin vegum eða aðra boðsgesti.

4. gr. Kynningarmál

IA tónlistarhátíð ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á Iceland Airwaves hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni IA tónlistarhátíðar jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að IA tónlistarhátíð sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni IA tónlistarhátíðar, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

IA tónlistarhátíð skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við.

Hafa skal náið samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum. Samráð skal jafnframt haft við Höfuðborgarstofu um dagskrá fyrir erlenda fjölmiðlamenn sem koma til Reykjavíkur í tengslum við hátíðina. Frekara samstarf um móttöku erlendra fjölmiðla verður samkvæmt nánara samkomulagi á milli IA tónlistarhátíðar og Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg IA tónlistarhátíð til í beinum fjárframlögum kr. 14.000.000.- á ári 2017, 2018 og 2019. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. febrúar

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. maí

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. ágúst

kr. 3.500.000. þ. 15. -18. nóvember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0137-26-334, kt. 660510-1250.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

IA tónlistarhátíð ber ábyrgð á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. IA tónlistarhátíð ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. IA tónlistarhátíð er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við IA tónlistarhátíð auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í febrúar og september ár hvert 2017, 2018 og 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins, mat á síðustu hátíð og skipulag IA tónlistarhátíðar á næstu Iceland Airwaves hátíð.

IA tónlistarhátíð leggur á febrúarfundi fram uppgjör og skýrslu vegna fyrri hátíðar ásamt því hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins.



Á samráðsfundi í september verður lögð fram endanleg dagskrá hátíðarinnar ásamt kostnaðaráætlun. IA tónlistarhátíð skuldbindur sig til að leggja þá einnig fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna síðustu hátíðar. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji IA tónlistarhátíð hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til IA tónlistarhátíð hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 28. nóvember 2016 um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017 – 2019. Við undirritun fellur úr gildi viðauki við fyrri samning sem undirritaður var 16.12.2015. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 9. janúar 2017.



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. IA tónlistarhátíðar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift: